

Greinargerð með fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar árið 2015

Efnisyfirlit

Forsendur

Aðalsjóður

Skatttekjur

Félagsþjónusta

Fræðslu- og uppeldismál

Menningarmál

Æskulýðs- og íþróttamál

Brunamál og almannavarnir

Hreinlætismál

Skipulags- og byggingarmál

Umferðar- og samgöngumál

Umhverfismál

Atvinnumál

Sameiginlegur kostnaður

Breyting lífeyrisskuldbindinga

Aðrir A-hluta sjóðir

Eignasjóður

Þjónustuver / Áhaldahús

B-hluta sjóðir

Félagsheimilið Röst

Félagsheimilið Klif

Veitustofnanir Snæfellsbæjar

Hafnarsjóður Snæfellsbæjar

Dvalar- og Hjúkrunarheimilið Jaðar

Íbúðir 60+

Húsnæðisnefnd Snæfellsbæjar

Forsendur

Helstu forsendur fjárhagsáætlunarinnar:

- Útsvarsprósenta verður áfram 14,52% vegna tímabundins sammings sveitarfélaga og ríkisins um flutning á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga. Tekjuskattur lækkaði á móti við þessa hækkun.
- Gert er ráð fyrir 3,4% verðbólgu árið 2014, en vonandi verður hún eitthvað lægri. Gjaldskrár bæjarins hækka að einhverju leiti miðað við verðbólguþá.
- Launahækkunir verða í samræmi við kjarasamninga, en vakin er athygli á því að flestir eru með lausa samninga á árinu 2015 – kennarar undanskildir – og gert var ráð fyrir 3,5% launahækkun vegna þeirra.
- Álagningarhlutfall fasteignaskatts verður áfram 0,44% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis en leyfilegt hámark er 0,625%. Fasteignamat ársins 2015 er reiknað hjá Þjóðskrár Íslands og er tilkynnt fasteignaeigendum í júní ár hvert. Miðað er við verðlag fasteigna í febrúar 2014 þegar fasteignamat 2015 var reiknað.
- Álagningarhlutfall atvinnuhúsnæðis verður áfram 1,55% af fasteignamati, en leyfilegt hámark er 1,65%.
- Álagningarhlutfall annarra þátta sem ákvarða fasteignagjöld ársins 2015 verða einnig óbreytt, þ.e.
 - Lóðaleiga:**
Íbúðarhúsnæði verður 1.8% af lóðamati
Atvinnuhúsnæði verður 2.5% af lóðamati
 - Vatnsskattur:**
Íbúðarhúsnæði verður 0.33% af fasteignamati
Atvinnuhúsnæði verður 0.45% af fasteignamati
 - Holræsagjald:**
Íbúðarhúsnæði verður 0.16% af fasteignamati
Atvinnuhúsnæði verður 0.20% af fasteignamati
- Sorpgjöld hækka um 3,4% og verða kr. 32.100.- á íbúðarhúsnæði (skiptist í sorphirðu- og sorpeyðingargjald) og verða kr. 12.500.- á sumarbústaði (skiptist í sorpeyðingar- og gámagjald).
- Áfram er gefinn afsláttur af fasteignaskatti til örorku- og ellilífeyrisþegar, að hámarki kr. 65.200.- Afslátturinn er tekjutengdur og reiknaður af RSK fyrir álagningu fasteignagjalda í lok janúar. Einungis er gefinn afsláttur af fasteignaskatti íbúðarhúsnæðis og er skilyrði fyrir afslætti að húsnæðið sé í eigu elli- eða örorkulífeyrisþega og að viðkomandi hafi lögheimili í eign sinni og búi þar.

Greinargerð með fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar

- Gjaldskrá leikskólagjalda hækkar örlítið. Dvalarkostnaður fyrir eitt barn í 6 klst. fer úr kr. 21.000.- í kr. 21.600.- Hins vegar hækkar systkinaafslátturinn í 50% fyrir annað barn og í 100% fyrir þriðja barn.

Miðað við 6 klst. vistun:

	2014	2015
Eitt barn í leikskóla	kr. 21.000.-	kr. 21.600.-
Tvö börn í leikskóla	kr. 36.746.-	kr. 34.460.-
Þrjú börn í leikskóla	kr. 47.241.-	kr. 34.460.-

Fæðiskostnaður hækkar ekkert annað árið í röð.

- Ekki er gert ráð fyrir að fara í stórar fjárfrekar framkvæmdir á árinu, heldur er lögð áhersla á viðhaldsverkefni og að leggja fjármuni í tækja- og búnaðarkaup á leikskólum og í grunnskóla, þ.e. að styrkja innviði stofnana Snæfellsbæjar.
- Áfram er stefnt að því að gæta aðhalds í rekstri og hagkvæmni í innkaupum.
- Stefnt er að því að rekstrarniðurstaða samstæðunnar verði jákvæð og gert er ráð fyrir að borga niður langtímalán um 92 m.kr. (afborganir 142 m.kr. og lántaka 50 m.kr.) .
- Fjárfestingar á árinu verð 194 m.kr.

Aðalsjóður

Skatttekjur

Skatttekjur	2012		2013		2014		2015
	Áætlun	Staða	Áætlun	Staða	Áætlun	Staða 15/11	Áætlun
Útsvar	725.000.000	785.765.811	728.700.000	765.748.757	742.000.000	659.837.043	802.000.000
Fasteignaskattur	105.300.000	105.641.779	112.500.000	112.505.550	117.900.000	109.708.595	123.000.000
Jöfnunarsjóður	238.332.000	265.509.060	321.240.000	321.378.469	325.000.000	259.436.604	352.050.000
Lóðarleiga	36.000.000	36.101.240	38.500.000	38.535.866	37.200.000	35.577.389	39.000.000
Samtals	1.104.632.000	1.193.017.890	1.200.940.000	1.238.168.642	1.222.100.000	1.064.559.631	1.316.050.000

* Endurskoðuð áætlun árin 2012 og 2013

Útsvar

Upplýsingar um breytingu útsvarsstofns milli ára koma frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Reynslan hefur sýnt að þær upplýsingar sem við fáum standast í fæstum tilvikum, svo við höfum nýtt okkur áætlunarútreikninga byggða á tekjustreymi liðinna ára. Í frumvarpi um forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2015 er miðað við að bráðabirgðaaákvæðið, sem sett var í desember 2013 um hámarksútsvar vegna yfirfærslu fatlaðra, verði framlengt um eitt ár, og því er gert ráð fyrir því að útsvarsprósenta í Snæfellsbæ verði 14,52% á árinu 2015.

Fasteignaskattur

Heimild um álögur fasteignaskatts er ekki fullnýtt í Snæfellsbæ. Álagningarprósenta fasteignaskatts af íbúðarhúsnæði getur að hámarki verið 0,625% af fasteignamati, ef fullnýtt er heimild í lögum um 25% álag, en 0,5% ef heimildin er ekki nýtt. Álagningarprósenta fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði í Snæfellsbæ verður 0,44% og hefur hún ekki hækkað síðan 2005, en þá var hún hækkuð úr 0,41% í 0,49%. Árið 2006 var hún svo lækkuð í 0,44% og hefur verið það síðan.

Jöfnunarsjóður

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga gerir áætlun um heildarframlög til sveitarfélaga úr sjóðnum. Þau skiptast þannig:

Jöfnunarsjóður	Áætlun Jöfnunarsjóðs	Áætlun Snæfellsbæjar
Framlag v/fasteignaskatts	64.035.003	65.000.000
Útgjaldajöfnun/þjónustuframlag	141.779.204	140.000.000
Grunnskólaframlag	139.474.164	139.000.000
Framlag v/sérþarfa fatlaðra	4.800.000	4.800.000
Framlag v/nýbúafraeðslu	3.250.000	3.250.000
Samtals	353.338.371	352.050.000

Lóðarleiga

Gert er ráð fyrir að álagningarprósenta lóðarleigu á íbúðarhúsalóðir í Snæfellsbæ verði 1,8% af lóðarmati, en 2,5% af lóðarmati atvinnulóða. Einnig eru einu sinni á ári sendir út greiðsluseðlar vegna sumarhúsalóða á Arnarstapa, og er það sérstakt gjald, vísitölureiknað af lóðamati skv. sérstökum lóðarleigusamningum sem Snæfellsbær yfirtók af ríkinu við makaskipti á landi Arnarstapa og landi innan Þjóðgarðs.

Félagsþjónusta

Framlög til félagsþjónustunnar skiptast á þennan hátt:

Félagsþjónustan	Staða 13/11 2014	Áætlun 2014	Áætlun 2015
Félags- og skólaþjónustan	25.259.176	27.800.000	28.900.000
Félagsleg aðstoð	5.568.980	7.895.000	6.265.000
Þjónusta við börn og unglunga	1.730.949	4.650.000	3.500.000
Þjónusta við aldraða	9.886.668	12.571.000	13.100.000
Þjónusta við fatlaða	44.580.942	68.755.000	71.045.000
Ýmsir styrkir og framlög	418.365	805.000	910.000
Samtals	87.445.080	122.476.000	123.720.000

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga

Samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, verður hlutur Snæfellsbæjar í rekstri byggðasamlagsins 28,9 milljónir króna á árinu 2015.

Félagsleg aðstoð

Áætlað framlag er miðað við reynslu undanfarinna ára. Þarna eru m.a. húsaleigubætur og fjárhagsaðstoð, en hvoru tveggja er erfitt að áætla. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir ákveðið framlag til sveitarfélaga vegna húsaleigubóta, byggt á áætluðum kostnaði þeirra. Árið 2015 er gert ráð fyrir að greiða út 14 millj. í húsaleigubætur og fá til baka 10 millj. frá Jöfnunarsjóði.

Þjónusta við börn og unglunga

Barnavernd er færð á þennan lið, og eins og félagsleg aðstoð yfirhöfuð, er erfitt að áætla á þennan lið. Sem betur fer hefur kostnaðurinn verið lítil undanfarin ár, en þetta er eitthvað sem erfitt er að sjá fyrir.

Þjónusta við aldraða

Á árinu 2014 var breytt fyrirkomulaginu við heimaþjónustu aldraðra og hefur kostnaðurinn við þessa þjónustu hækkað verulega við þær breytingar. Gert er ráð fyrir samskonar starfsemi á árinu 2015 og eru hækkanir á liðnum því nær eingöngu vegna almennra launahækkana.

Þjónusta við fatlaða

Ákveðinn hluti liðveislu vegna fatlaðra, t.a.m. sumarþjónusta við fötluð börn, fellur beint á sveitarfélögin og er gert ráð fyrir að sá kostnaður verði tæpar 4 millj. á árinu 2015. Að öðru leyti eru þarna framlög Snæfellsbæjar til málaflökks fatlaðra, en stór hluti af þeim er færður sem tekjur undir útsvarsslyklinum, eða 52 millj. af 67 millj. Mismunurinn, eða 15 millj. eru greiddar beint til Félags- og skólaþjónustunnar og þjónusturáðs SSV, skv. lögum og reglum.

Ýmsir styrkir og framlög

Undir þennan lið eru færð ýmis lögbundin framlög, eins og orlofssjóður húsmæðra og varasjóður húsnæðismála, en einnig styrkir til Félags eldri borgara sem og aðrir tilfallandi styrkir til félagsþjónustunnar.

Fræðslu- og uppeldismál

Framlög til fræðslu- og uppeldismála skiptast á þennan hátt:

Fræðslu- og uppeldismál	Staða 13/11 2014	Áætlun 2014	Áætlun 2015
Fræðslunefnd	121.052	765.000	1.010.000
Leikskólar	140.390.071	162.462.000	175.140.000
Grunnskóli	376.629.423	440.055.000	470.255.000
Fjölbrotarskóli	8.716.721	11.400.000	11.400.000
Tónlistarskóli	22.098.977	28.275.000	29.685.000
Ýmsir styrkir og framlög	523.851	805.000	670.000
Samtals	548.480.095	643.762.000	688.160.000

Fræðslunefnd

Fimm fulltrúar sitja í fræðslunefnd, ásamt fulltrúum skóla, leikskóla, tónlistarskóla og foreldra. Bæjarstjórn hefur falið fræðslunefnd ýmis málefni og gert er ráð fyrir fleiri fundum á árinu 2015 en verið hefur undanfarið.

Leikskólar

Undir þessum lið eru Bangsakot, sem er í dag úrræði fyrir yngstu börnin, Kríflakot í Ólafsvík, Kríuból á Hellissandi og leikskólasel við Lýsuhólsskóla. Gert er ráð fyrir að Bangsakot verði opið allt árið 2015, en þó er enn ekki fyrirsjáanlegt hvort þörf er á að halda því opnu nema fram að sumarfrí. Gert er ráð fyrir að sumarfrí leikskólanna verði 4 vikur í stað 6, og kostnaðurinn sem því fylgi muni að mestu leiti jafnast út af þeim tekjum sem koma á móti.

Gjaldskrá leikskólanna tekur töluverðum breytingum á árinu 2015. Almenn dvalarstund og fæði hækkar um 3,4%. Systkinaafslátturinn hins vegar hækkar, þannig að gjald fyrir 2. barn fer úr 75% í 50% af almennu gjaldi og gjald fyrir 3. barn fer úr 50% í 0%. Fæði í leikskólanum hækkar ekki, og hefur ekki hækkað síðan 2013.

Gjaldskrá leikskóla	2014	2015
Dvalarstund - almennt	3.500	3.600
~ 6 klst. vistun	21.000	21.600
Dvalarstund - forgangur	2.100	2.160
~ 6 klst. vistun	12.630	12.960
Dvalarastund - 2. barn	2.625	1.800
~ 6 klst. vistun	15.746	10.800
Dvalarastund - 3. barn	1.750	0
~ 6 klst. vistun	10.495	0
Samtals 6 klst. vistun f/3 börn	47.241	32.400

Gjaldskrá leikskóla	2014	2015
Morgunverður	2.370	2.370
Hádegisverður	4.700	4.700
Síðdegiskaffi	2.370	2.370
Samtals fullt fæði	9.440	9.440

Stöðugildi miðað við fullnýtta leikskóla er 2,65 við Bangsakot, 15 við Kríflakot, 12 við Kríuból og 0,65 við leikskólaselið á Lýsuhóli.

Leikskólaselið við Lýsuhólsskóla var sett á fót haustið 2014 til að koma til móts við aukinn fjölda fjölskyldna með ung börn í sveitunum fyrir sunnan Jökul.

Greinargerð með fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar

Grunnskóli

Grunnskólinn er stærsti kostnaðarliðurinn hjá Snæfellsbæ og stærsti vinnustaðurinn, en þar eru í dag ríflega 55 stöðugildi. Nýir kjarasamningar voru gerðir við KÍ á árinu 2014 sem þýða töluverðar launahækkningar kennara, en jafnframt ákveðnar vinnutímabreytingar sem eiga að koma til móts við kostnað sveitarfélaganna við launahækkarnar. Það er samt fyrirsjáanlegt að kostnaður við grunnskólann hækkar mikið á árinu 2015.

Gjaldskrá grunnskólans hækkar um 3,4% og verður svona á árinu 2015:

Gjaldskrá grunnskóla	2014	2015
Skólabær - grunnjald pr. klst.	260	270
Síðdegishressing í Skólabæ	130	135
Hádegisverður	7.500	7.700
Morgunverður (1. - 4. bekkur)	600	600
~ Einingarverð hádegismáltíðar	346	355

Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Það er Jeratún ehf. sem á og rekur Fjölbrautaskóla Snæfellinga, sem staðsettur er í Grundarfirði. Jeratún ehf. er einkahlutafélag í eigu Snæfellsbæjar, Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar, og Stykkishólmsbæjar og bera sveitarfélögin ábyrgð á skuldbindingum þess. Hlutverk félagsins er bygging og rekstur skólahúsnæðis fjölbrautaskólans.

Kostnaður Snæfellsbæjar er í formi húsaleigu í skólabyggingunni, hlutfallslega miðað við höfðatölu aðildarsveitarfélaganna, ásamt því að taka þátt í kostnaði við skólaakstur í þeim tilvikum sem hann stendur ekki undir sér sjálfur.

Tónlistarskóli

Við tónlistarskólann eru 3 kennarar í fullu starfi og 1 kennari í hlutastarfi. Mikil ásókn er í skólann og komast færri að en vilja, sér í lagi á ásláttarhljóðfæri. Tónlistarskólinn er yfirhöfuð vel rekinn.

Gjaldskrá tónlistarskólans hækkar um 3,4%, nema söngnám fullorðinna sem hækkar meira þar sem eðlilegt þótti að söngnám, sem telst dýrara tónlistarnám, sé hærra fyrir fullorðna en börn:

Gjaldskrá tónlistarskóla	2014	2015
Heilt nám - undir 21 árs	24.000	24.800
~ Hálf nám (60%)	14.400	14.880
Söngnám - undir 21 árs	27.000	27.900
~ Hálf nám (60%)	16.200	16.740
Heilt nám - fullorðnir	30.000	31.000
~ Hálf nám (60%)	18.000	18.600
Söngnám - fullorðnir	27.000	35.000
~ Hálf nám (60%)	16.200	21.000
Hljóðfæraleiga	5.000	5.500

Ýmsir styrkir og framlög

Undir þennan lið eru færð lögbundin framlög, eins og Umferðarskólinn ungir vegfarendur, en einnig kostnaður vegna fjarfundabúnaðar sem og aðrir tilfallandi styrkir til mennta- og fræðslumála.

Menningarmál

Framlög til menningarmála skiptast á þennan hátt:

Menningarmál	Staða 13/11 2014	Áætlun 2014	Áætlun 2015
Menningarnefnd	636.830	960.000	965.000
Bókasafn	6.191.800	8.275.000	8.640.000
Pakkhúsið/byggðasafn	3.910.674	5.804.000	5.294.000
Félagsheimilin	13.530.242	11.390.000	14.487.000
Bæjarhátíðir	1.396.261	4.250.000	4.250.000
Ýmsir styrkir og framlög	4.777.828	6.279.000	7.820.000
Samtals	30.443.635	36.958.000	41.456.000

Menningarnefnd

Fimm fulltrúar sitja í menningarnefnd. Nefndin fer með lista- og menningarmál í bæjarfélaginu, ásamt því að gegna starfi stjórnar bókasafns Snæfellsbæjar og stjórnar byggðasafnsins. Hún hefur umsjón með uppbyggingu og starfsemi Pakkhússins, sem og safnamálum almennt í bæjarfélaginu.

Bókasafn

Bókasafn Snæfellsbæjar er staðsett við Hjarðartún í Ólafsvík. Það er mjög vel rekið, og hefur verið undanfarin ár. Húsnæðið sem hýsir bókasafn og tónlistarskóla þarfnast lagfæringa, og er stefnt að því á árinu 2015 að klæða þær hliðar sem verst eru farnar og skipta um glugga.

Við bókasafnið er einn starfsmaður í 65% starfi. Árgjald er ekkert og því engar tekjur af útlánunum.

Pakkhúsið

Pakkhúsið í Ólafsvík var byggt árið 1844 og friðað í ágúst 1970. Á tveimur efri hæðunum er byggðasafnið. Á miðhæðinni má upplifa íslenskt alþýðuheimili 19. aldar og á efstu hæðinni er sýning sem kallast Pakkhúsloftið. Á neðstu hæðinni er krambúð, en um hana hefur handverkshópur okkar Snæfellsbæinga séð undanfarin sumur, undir handleiðslu starfsfólks Áttthagastofu Snæfellsbæjar. Í desember opnar svo Jólapakkhúsið, með tilheyrandi stemningu og jólasveinaskemmtunum fyrir börn og fullorðna.

Félagsheimilin

Félagsheimilið Röst og Félagshimilið Klif eru sér stofnanir undir B-sjóði, en aðalsjóður greiðir niður tapið þessara stofnana ár hvert.

Bæjarhátíðir

Ólafsvíkurvaka og Sandaragleði eru haldin til skiptis og hefur Snæfellsbær borið einhvern kostnað af hátíðunum. Þarna er líka gert ráð fyrir þjóðhátíðinni 17. júní og jólahátíðinni.

Ýmsir styrkir og framlög

Menningarnefnd hefur til úthlutunar ákveðna upphæð til tónlistar- og leikhúsviðburða, og listaverkakaupa. Það er fært undir þennan lið, en jafnframt árlegir styrkir til sjómanna dagsráðs Ólafsvíkur og Hellissands, Framfarafélagsins, Frystiklefans, Sjávarsafnsins, Menningarráðs Vesturlands og einnig til bæjarlistamanns Snæfellsbæjar, sem er tilnefndur á 17. júní að frumkvæði menningarnefndar.

Íþrótt- og æskulýðsmál

Framlög til íþrótt- og æskulýðsmála skiptast á þennan hátt:

Æskulýðs- og íþróttamál	Staða 13/11 2014	Áætlun 2014	Áætlun 2015
Íþrótt- og æskulýðsnefnd	119.531	555.000	560.000
Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi	6.881.303	7.560.000	8.195.000
Akstur	5.775.697	8.100.000	8.100.000
Íþróttavellir	8.512.895	7.125.000	8.330.000
Vinnuskóli	7.829.511	9.485.000	8.965.000
Félagsmiðstöð og ungmennaráð	6.121.759	7.765.000	8.290.000
Íþróttahús	42.434.639	50.265.000	51.805.000
Sundlaugar	25.519.453	28.645.000	32.680.000
UMF Víkingur/Reynir	9.441.663	10.200.000	14.050.000
Ýmsir styrkir og framlög	6.590.450	6.045.000	6.385.000
Samtals	119.226.901	135.745.000	147.360.000

Íþrótt- og æskulýðsnefnd

Fimm fulltrúar sitja í íþrótt- og æskulýðsnefnd. Nefndin á að vera bæjarstjórn til ráðgjafar í tómtunda-, íþrótt-, æskulýðs- og forvarnarmálum. Gert er ráð fyrir svipuðum kostnaði við nefndina og undanfarin ár.

Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi

Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi ber ábyrgð á rekstri og starfsemi íþróttamannvirkja í norðanverðum Snæfellsbæ. Hann hefur einnig yfirumsjón með starfsemi félagsmiðstöðvar ásamt því að sjá um undirbúning og framkvæmd hátíða, eins og Þjóðhátíðarinnar 17. júní og þegar kveikt er á jólatrjám í sveitarfélaginu. Hann er einnig starfsmaður íþrótt- og æskulýðsnefndar.

Akstur

Snæfellsbær heldur úti almenningssamgöngum milli þéttbýliskjarnanna í norðanverðu bæjarfélaginu. Aksturinn miðast við skólalald og stundatöflu íþróttahúss og sundlaugar, og er kostnaðurinn af honum því færður að einhverju leiti undir skólalald og að einhverju leiti hér, undir æskulýðs- og íþróttamálum. Þetta er hins vegar þjónusta við alla íbúa Snæfellsbæjar, enda er öllum heimilt að taka rútuna á milli staða sér að kostnaðarlausu.

Íþróttavellir

Undir þessum lið eru færðir Ólafsvíkuvöllur, Reynisvöllur, sparkvöllurinn í Ólafsvík og sparkvöllurinn á Hellissandi. Þarna er líka færður styrkur sem UMF Staðarsveitar fær til viðhalds á íþróttavellinum á Lýsuhóli og styrkur sem Mfl. Víkinga fær ár hvert til að viðhalda völlum. Ekki er gert ráð fyrir neinum stórum framkvæmdum á íþróttavöllum á árinu 2015.

Vinnuskóli

Snæfellsbær býður upp á vinnuskóla á sumrin fyrir öll börn á aldrinum 14-16 ára, þ.e. 8-10 bekk grunnskóla. 8. bekkur fær vinnu frá 8-12 í 4 vikur í júní á meðan 9. og 10. bekkur fær vinnu frá 8-12 og 13-17 í 6 vikur í júní og júlí. Engum er synjað um vinnu, og því fer kostnaður þessa málaflokks eftir því hver aðsóknin er í vinnuskólann. Aðsókn er mjög mismunandi eftir stærð árganga og árferði.

Greinargerð með fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar

Félagsmiðstöð og ungmennaráð

Félagsmiðstöð unglinga í Snæfellsbæ, Afdrep, er staðsett í Norðurtanga 1 í Ólafsvík. Allir unglingar í 8. – 10. bekk geta sótt miðstöðina tvö kvöld í viku yfir vetrartímam, og eftir áramót hefur hún verið opin einu sinni í viku fyrir 5. – 7. bekk. Félagsmiðstöðin Afdrep er staður þar sem unglingarnir fá tækifæri til að hittast og eiga góðar stundir saman í uppbyggilegu umhverfi. Við félagsmiðstöðina eru 2 starfsmenn, hvor um sig í 50% starfi í 9 mánuði á ári. Jafnframt er ráðinn starfsmaður í 25% starf við umsjón 5. – 7. bekkjar í 4 mánuði eftir áramótin.

Gert er ráð fyrir að ungmennaráð verði starfandi á árinu 2015. Í ungmennaráði eiga að sitja 5 einstaklingar á aldrinum 16-21 árs ásamt tveimur áheyrnarfulltrúum, einum úr 9. bekk og einum úr 10. bekk. Ungmennaráð eru hugsuð til að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu og til að kynna lýðræðisleg vinnubrögð fyrir ungu fólki.

Íþróttahús

Tvö íþróttahús eru rekin af Snæfellsbæ, annað í Ólafsvík og hitt á Hellissandi. Íþróttahúsið á Hellissandi er notað fyrir skólaíþróttir 1. – 4. bekkjar.

Íþróttahúsin eru dýr í rekstri, m.a. vegna þess hversu stór húsin eru og kyndingarkostnaður því mikill. Helstu tekjur íþróttahússins í Ólafsvík er útleiga til UMF Víkings/Reynis seinni part dags og um helgar, en sú leiga er hluti af styrk Snæfellsbæjar til ungmennafélaganna og því einungis millifærsla milli tveggja liða innan málaflökks íþrótt- og æskulýðsmála. Ungmennafélögin hafa afnot af íþróttahúsinu í sem svarar 1400 klst. á ári.

Gjaldskrá íþróttahúss hækkar ekkert, utan gjalds fyrir einstaklingstíma og 10 tíma kort:

Gjaldskrá íþróttahúss	2014	2015
Tími í íþróttasal (1/1)	7.000	7.000
Tími í íþróttasal (1/3)	2.500	2.500
Einstaklingstímar	350	400
10 tíma kort (20% afsláttur)	3.000	3.200
Barnaafmæli	8.000	8.000
Veislur	16.500	16.500

Sundlaugar

Snæfellsbær rekur tvær sundlaugar. Annars vegar sundlaugina í Ólafsvík og hinsvegar Lýsuhólslaug. Töluverðar framkvæmdir hafa farið fram við sundlaugina í Ólafsvík undanfarið og hefur aðsókn að henni aukist í kjölfarið. Helstu tekjur sundlaugarinnar eru vegna útleigu til almennings og til UMF Víkings/Reynis sem fær úthlutað 250 klst. á ári. Eins og hjá íþróttahúsinu, þá er útleigan til ungmennafélaganna í formi styrks frá Snæfellsbæ.

Gjaldskrá sundlaugarinnar í Ólafsvík hækkar aðeins frá fyrra ári, en þó er reynt að halda kostnaði fyrir börn og unglinga í lágmarki:

Gjaldskrá sundlaugar	2014	2015
Börn (0-9 ára)	0	0
Börn (10-16 ára)	200	200
Fullorðnir	500	600
Elli- og örorkulífeyrisþegar	0	0
Sturta - fullorðnir	350	500
Leiga á handklæði/sundfötum	350	500
20% afsláttur af 10 tíma korti		
40% afsláttur af 30 tímakorti		

Greinargerð með fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar

Á Lýsuhóli er sundlaugin opin almenningi á sumrin í sumarfrí grunnskólans. Vatnið í lauginni er heitt ölkelduvatn, mjög steinefnaríkt og talið holt og græðandi. Grænþörungurinn í vatninu vex hratt á sumrin og því er sundlaugin tæmd og þriffin vikulega. Engum efnun, eins og klór, er blandað í vatnið, heldur er sírennsli og mikil endurnýjun á vatni.

Töluverðar framkvæmdir voru við Lýsuhólslaug á árinu 2014, en þar voru búningsklefarnir stækkaðir og teknir í gegn.

Gjaldskrá Lýsuhólslaugar	2014	2015
Börn (0-5 ára)	0	0
Börn (6-17 ára)	300	300
Fullorðnir (18+)	650	650
Afsláttarkort (12 ferðir/24 ferðir)	4.500	4.500
Sturta - fullorðnir	600	600
Leiga á handklæði/sundfötum	550 / 450	550 / 450
Afsláttarkortíð gildir sem 12 ferðir fyrir fullorðna en 24 ferðir fyrir börn 6-17 ára		

Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á rekstri sundlauganna.

UMF Víkingur/Reynir

Snæfellsbær styrkir barna- og unglingastarf UMF Víkinga/Reynis, bæði með beinum styrk og með því að greiða niður æfingartíma í sundlaug og íþróttahúsi. Sú ákvörðun var tekin í bæjarstjórn að hækka verulega beinan styrk ungmennafélaganna á árinu 2015 eða úr 1,1 millj. í 2,5 millj.

Ýmsir styrkir og framlög

Stórar upphæðir fara í styrki til íþrótt- og æskulýðsmála í Snæfellsbæ. Fyrir utan styrki til ungmennafélaganna fara styrkir til Mfl. Víkinga, bæði karla og kvenna, en styrkurinn til mfl. kvenna var tvöfaldaður á árinu 2015. Ungmennafélag Staðarsveitar fær styrki, bæði beinan styrk og akstursstyrk til að koma til móts við foreldra sem fara yfir heiði með börn sín á æfingar í Ólafsvík. Einnig eru golfklúbbarnir og hesteigendafélögin í Snæfellsbæ styrkt ásamt því að Snæfellsbær borgar hluta af launum framkvæmdastjóra Víkinga.

Meðfylgjandi er tafla yfir þróun styrkja til íþrótt- og æskulýðsmála frá árinu 2009.

Styrkir til íþróttamála 2009-2015

Styrkþegi	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
UMF Staðarsveitar v/aksturs	200.000	200.000	200.000	200.000	200.000	200.000	200.000
Mfl. Víkinga - Vallarsamningur	0	695.000	1.100.000	1.170.000	1.300.000	1.560.000	1.560.000
Mfl. Víkinga - Vallarsamningur	0	255.000	600.000	630.000	1.200.000	1.440.000	1.440.000
UMF Staðarsveitar v/íþróttav.	160.000	160.000	160.000	160.000	160.000	160.000	160.000
UMF Víkingur - beinn styrkur	475.000	475.000	475.000	475.000	550.000	550.000	1.250.000
UMF Reynir - beinn styrkur	475.000	475.000	475.000	475.000	550.000	550.000	1.250.000
Ungmennafélögin niðurfelldir tímar í íþr.húsi	7.970.000	7.969.996	7.969.992	7.969.992	8.995.000	9.100.000	9.800.000
Ungmennafélögin niðurfelldir tímar í sundl.	0	0	0	0	0	0	1.750.000
Meistaraflokkur Víkinga	1.150.000	1.150.000	1.575.000	2.148.688	1.500.000	1.500.000	1.500.000
UMF Staðarsveitar - styrkur	160.000	160.000	160.000	160.000	160.000	160.000	200.000
Meistaraflokkur Víkinga v/leikjánaðsmála	0	245.000	41.000	185.000	245.000	245.000	250.000
Mfl. Víkinga í kvennakkattspyrnu	0	0	0	0	500.000	500.000	1.000.000
Golfklúbburinn Jökull	630.000	630.000	630.000	630.000	630.000	630.000	650.000
Golfklúbbur Staðarsveitar	110.000	105.000	110.000	110.000	630.000	630.000	650.000
Hestaeigendafélagið Hringur	265.000	265.000	265.000	265.000	265.000	265.000	270.000
Hestamannafélagið Geisli	265.000	265.000	265.000	265.000	265.000	515.000	270.000
Aðrir styrkir til íþróttamála	247.350	956.700	453.325	1.652.200	610.000	1.030.450	500.000
Íþróttastarf ungmenna (framkv.stj. Víkinga)	0	600.000	600.000	700.000	1.100.000	1.100.000	1.100.000
Sumarstarfsmaður á íþróttavelli (laun og launatengd gjöld)	0	0	0	0	0	1.503.153	0
Motocrossklúbburinn	160.000	160.000	0	160.000	0	0	0
Samtals styrkir til íþróttamála	12.267.350	14.766.696	15.079.317	17.355.880	18.860.000	21.638.603	23.800.000
Peningastyrkir - án húsaleigu:	4.297.350	6.796.700	7.109.325	9.385.888	9.865.000	12.538.603	14.000.000

Brunamál og almannavarnir

Framlög til brunavarna og almannavarna skiptast á þennan hátt:

Brunamál og almannavarnir	Staða 13/11 2014	Áætlun 2014	Áætlun 2015
Slökkvilið Snæfellsbæjar	7.730.782	8.780.000	10.455.000
Slökkvibílar	2.785.494	3.400.000	3.800.000
Sjó- og snjóflóðavarnir	390.358	1.500.000	1.500.000
Ýmsir styrkir og framlög	1.798.020	2.420.000	2.570.000
Samtals	12.704.654	16.100.000	18.325.000

Slökkvilið Snæfellsbæjar

Við eigum mjög öflugt og gott slökkvilið, mannað hæfum og vel þjálfuðum mönnum. Kostnaður vegna slökkviliðsins hefur aukist nokkuð á undanförunum árum með auknum kröfum, en nokkuð erfitt er að áætla launakostnað slökkviliðs þar sem einn stór bruni getur sett allt úr skorðum.

Slökkvibílar

Það er ekki gert ráð fyrir miklu viðhaldi á slökkvibílum Snæfellsbæjar á árinu 2015.

Sjó- og snjóflóðavarnir

Framkvæmdir við snjóflóðavarnir í Ólafsvík stóðu frá haustinu 2007, var að mestu lokið sumarið 2008, en lauk svo formlega haustið 2010, ef frá er talin áframhaldandi vinna við gróður. Við svona mannvirki er alltaf eitthvað viðhald og sér Framkvæmdasýsla ríkisins um það, en Snæfellsbær ber 10% af kostnaðinum á meðan Ofanflóðasjóður ber 90%. Alltaf er gert ráð fyrir einhverjum framkvæmdum og viðhaldi á sjóðvörnum í bæjarfélaginu.

Ýmsir styrkir og framlög

Undir þennan lið eru færð framlög til björgunarsveita, t.d. fær Lífsbjörg beinan styrk og styrk til niðurgreiðslu fasteignagjalda af björgunarhúsinu Von í Rífi, en einnig fær Slysavarnafélagið Elliði styrk, en þarna eru líka færðir aðrir tilfallandi styrkir til brunamála og almannavarna.

Hreinlætismál

Framlög til hreinlætismála skiptast á þennan hátt:

Hreinlætismál	Staða 13/11 2014	Áætlun 2014	Áætlun 2015
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	985.623	1.100.000	1.100.000
Sorphreinsun og gámastöðvar	5.198.836	4.310.000	10.300.000
Eftirlit með hundum og köttum	192.361	347.000	455.000
Samtals	6.376.820	5.757.000	11.855.000

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Sveitarfélögin á Vesturlandi sameinuðust um rekstur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands árið 1999. Framlög sveitarfélaganna til Heilbrigðiseftirlitsins eru skv. samþykktari rekstraráætlun þess.

Sorphreinsun og gámastöðvar

Gámahjónusta Vesturlands rekur Enni, móttökustöð og gámastöð í Ólafsvík, og kaupir Snæfellsbær sorphirðu og sorpeyðingu af fyrirtækinu. Sorp, bæði almennt og endurvinnanlegt, er hirt hjá öllum bæjum í þéttbýli og dreifbýli í Snæfellsbæ skv. sorphirðudagatali sem gefið er út í byrjun hvers árs. Sorphirðu- og sorpeyðingargjald er lagt á öll íbúðarhúsnæði í bæjarfélaginu, og gáma- og sorpeyðingargjald á öll sumarhús. Þessi gjöld eru innheimt með fasteignagjöldum.

Sorpgjöld standa ekki undir kostnaði við sorphirðu og sorpeyðingu, svo til þarf að koma verulegt framlag frá Snæfellsbæ til að greiða tapið. Gert er ráð fyrir framlagi upp á 10,3 milljónir á árinu 2015.

Sorpgjöld	Íbúðir	Sumarhús
Sorphirða/gámagjald	17.200	7.550
Sorpeyðingargjald	14.900	4.950
Samtals sorpgjöld á íbúðarhúsn.	32.100	
Samtals sorpgjöld á sumarhús		12.500

Sorpgjöld hækka um 3,4% milli árana 2014 og 2015.

Eftirlit með hundum og köttum

Gjaldskráin fyrir hundaleyfingjöldunum hækkar um 3,4% en ekki er gert ráð fyrir að gjöld standi undir kostnaði á árinu 2015, frekar en önnur ár.

Hundaleyfisgjöld ársins 2015:	kr.	18.000
Innifalið er eftirfarandi:		
Tryggingar	961	pr. hund
Merki á hunda	114	pr. hund
Skrifstofukostnaður v/eftirlits	5.676	pr. hund
Starfsmaður v/hundaftirlits	5.667	pr. hund
Aðstaða & bíll	5.612	pr. hund
Dýralæknaþjónusta	2.124	pr. hund
Kostnaður pr. hund 2014:	20.154	
Fjöldi hunda í sveitarfélaginu:	85	

Skipulags- og byggingarmál

Framlög til skipulags- og byggingarmála skiptast á þennan hátt:

Skipulags- og byggingarmál	Staða 13/11 2014	Áætlun 2014	Áætlun 2015
Skipulagsmál	4.865.362	4.780.000	4.780.000
Umhverfis- og skipulagsnefnd	206.741	840.000	845.000
Tæknideild Snæfellsbæjar	22.185.077	18.735.000	22.360.000
Þjónustuver/Áhaldahús	28.982.496	23.600.000	30.000.000
Samtals	56.239.676	47.955.000	57.985.000

Skipulagsmál

Undir þennan lið fellur aðal- og deiliskipulag, sem er að mestu leyti þjónusta verkfræðinga og arkitekta við breytingar á aðal- og deiliskipulagi bæjarins. Einnig fellur þarna undir kostnaður við Svæðisgarðinn Snæfellsnes, sem er að mestu leyti falinn í launakostnaði vegna nefndarfunda.

Umhverfis- og skipulagsnefnd

Fimm fulltrúar sitja í umhverfis- og skipulagsnefnd, ásamt slökkviliðsstjóra og tæknifræðingi. Nefndin fer með skipulags- og byggingarmál, umferðarmál, veitumál og umhverfis- og náttúruverndarmál. Gert er ráð fyrir svipuðum kostnaði við nefndina og undanfarin ár.

Tæknideild Snæfellsbæjar

Umsvif tæknideildar hafa aukist ár frá ári. Þar starfa nú tæknifræðingur og skrifstofumaður, bæði í 100% starfi. Með auknum umsvifum eykst kostnaður vegna sérfræðiþjónustu hjá tæknideildinni, t.d. kerfisfræðiþjónusta o.fl.

Þjónustuver/Áhaldahús

Áhaldahúsið er sér stofnun undir A-sjóði, en þar sem tekjur Áhaldahúss nægja ekki fyrir gjöldum, þá greiðir aðalsjóður niður tap stofnunarinnar ár hvert.

Umferðar- og samgöngumál

Framlög til umferðar- og samgöngumála skiptast á þennan hátt:

Umferðar- og samgöngumál	Staða 13/11 2014	Áætlun 2014	Áætlun 2015
Viðhald gatna	3.946.771	100.000	3.000.000
Umferðarmerkingar	3.007.962	910.000	2.410.000
Götulýsing	6.411.474	6.860.000	7.400.000
Snjómokstur og hálkueyðing	853.286	6.405.000	6.705.000
Samtals	14.219.493	14.275.000	19.515.000

Viðhald gatna

Gert er ráð fyrir svipuðum upphæðum í viðhald gatna á árinu 2015 og var á árinu 2014. Mismunurinn á áætlunum árána eru þær að á árinu 2014 var gert ráð fyrir svokölluðu þéttbýlisvegafé frá Vegagerðinni, en ekki er gert ráð fyrir samskonar tekjum á árinu 2015.

Umferðarmerkingar

Umferðarmerkingar voru keyptar út á árinu 2014, og er gert ráð fyrir að því verði haldið áfram á árinu 2015.

Götulýsing

Kostnaður vegna götulýsingar hefur hækkað töluvert undanfarin ár, og ekki er gert ráð fyrir því að það breytist á næsta ári. Einhverjum sparnaði hefur þó verið náð með því að hafa ekkert kveikt á götuljósum yfir hásumartímann.

Snjómokstur og hálkueyðing

Áætlun 2015 byggir á reynslu undanfarinna ára. Þetta er hins vegar liður sem erfitt er að áætla, enda er kostnaðurinn fljótur að byggjast upp ef snjóar í einhvern tíma.

Umhverfismál

Framlög til umhverfismála skiptast á þennan hátt:

Umhverfismál	Staða 13/11 2014	Áætlun 2014	Áætlun 2015
Gróðrarstöð	6.034.005	8.410.000	7.830.000
Sláttur og hirðing	15.740.659	15.410.000	16.000.000
Opin svæði	5.046.732	7.550.000	6.950.000
Ýmsir styrkir og refa/minkaeyðing	2.779.400	1.045.000	1.195.000
Samtals	29.600.796	32.415.000	31.975.000

Gróðrarstöð

Einn starfsmaður er á launum við gróðrarstöð allan ársins hring. Viðkomandi hefur yfirumsjón með opnum svæðum og heldur utan um vinnuskólann og sumarstarfsmenn í garðyrkju. Þarna er líka færður kostnaður af kaupum á plöntum, fræjum og áburði vegna sumarvinnu.

Sláttur og hirðing

Grænum svæðum er að fjölga í Snæfellsbæ og fylgir þeim óhjákvæmilega meiri sláttur.

Opin svæði

Allar framkvæmdir opinna svæða og við fegrun bæjarfélagsins eru færðar á þennan lið. Ekki er gert ráð fyrir meiri kostnaði þar en önnur ár.

Ýmsir styrkir og refa/minkaeyðing

Töluverður kostnaður fylgir refa- og minkaeyðingu í bæjarfélaginu, þó mörgum finnist ekki nóg gert. Ákveðnir aðilar innan sveitarfélagsins hafa verið fengnir til að veiða mink og ref, og fyrir það er þeim greitt skv. samningi og viðmiðunartaxta sem gefinn er út af umhverfisráðherra. Árlega, á haustin, er Veiðimálastjóra send skýrsla yfir veiðar yfirstandandi árs, ásamt kostnaði í von um að sveitarfélagið fái endurgreitt að hluta, en reglurnar eru þær að sveitarfélög eiga að fá endurgreitt allt að 50% af kostnaði, fari hann ekki fram úr viðmiðunartaxta. Reynslan er hins vegar sú að þarna gildir „fyrstur kemur, fyrstur fær“ því oftast en ekki tæmist sjóður Veiðimálastjóra áður en allir hafa fengið endurgreitt skv. reglum.

Atvinnumál

Framlög til atvinnumála skiptast á þennan hátt:

Atvinnumál	Staða 13/11 2014	Áætlun 2014	Áætlun 2015
Atvinnuveganefnd	1.509.786	2.065.000	2.260.000
Fjargirðingar og landbúnaður	846.348	1.705.000	1.610.000
Ferðamenn og tjaldsvæði	-1.574.021	710.000	-320.000
Ýmsir styrkir og framlög	536.041	600.000	800.000
Samtals	1.318.154	5.080.000	4.350.000

Atvinnuveganefnd

Fimm fulltrúar sitja í atvinnuveganefnd. Nefndin fer með atvinnu- og markaðsmál í Snæfellsbæ. Hún fjallar m.a. um ferðamál og sjávarútvegsmál, ásamt málum tengdum öðrum atvinnugreinum. Undir þennan lið eru einnig færðar auglýsingar vegna ferðamála. Gert er ráð fyrir svipuðum kostnaði við nefndina og undanfarin ár.

Fjargirðingar og landbúnaður

Í landbúnaðarnefnd sitja þrjú fulltrúar og er fundað eftir þörfum, að mestu á haustin þegar lögð eru á fjallskil, en þau eru alfarið á höndum nefndarinnar.

Áætlun vegna fjargirðinga byggir á reynslu undanfarinna ára, en oft er erfitt að sjá fyrir á haustin þegar áætlun er gerð hvernig girðingar og réttir koma undan vetri.

Ferðamenn og tjaldsvæði

Nokkurt átak hefur verið gert í tjaldstæðamálum í þéttbýli í Snæfellsbæ. Það, ásamt þátttöku Snæfellsbæjar í útilegukortinu, virðist skila sér í betri aðsókn að tjaldstæðunum og hærri tekjum. Einnig hefur það fyrirkomulag sem tekið var upp fyrir 3 árum að ráða verktaka í að hafa umsjón með tjaldstæðunum skilað sér bæði tekjulega séð og í ánægðari tjaldbúum.

Enn er gert ráð fyrir framkvæmdum á tjaldstæðinu í Ólafsvík á árinu 2015, en þar á að ljúka við tjaldstæðahúsið og mun það verða til mikilla bóta.

Ýmsir styrkir og framlög

Snæfellsbær styrkir sjávarransóknarsetrið Vör um ákveðna upphæð árlega sem á að koma til móts við kostnað. Varar við að ráða nema til starfa yfir sumartímam. Sá styrkur er færður undir þessum lið, ásamt öðrum tilfallandi styrkjum til atvinnumála.

Sameiginlegur kostnaður

Framlög til þessa málaflokks skiptast á þennan hátt:

Sameiginlegur kostnaður	Staða 13/11 2014	Áætlun 2014	Áætlun 2015
Bæjarstjórn og bæjarráð	12.157.791	13.945.000	14.620.000
Endurskoðun	3.170.000	3.000.000	3.500.000
Kosningar	1.692.148	1.700.000	100.000
Bæjarskrifstofan	34.686.075	39.935.000	43.435.000
Innheimtukostnaður	127.009	7.500.000	7.500.000
Móttaka gesta og annar kostn.	2.525.987	1.790.000	2.060.000
Starfsmannakostnaður	281.508	640.000	640.000
Ýmis framlög	11.114.910	9.325.000	9.340.000
Samtals	65.755.428	77.835.000	81.195.000

Bæjarstjórn og bæjarráð

Gert er ráð fyrir sambærilegum kostnaði við bæjarstjórn og bæjarráð og verið hefur. Einungis er gert ráð fyrir kjarasamningsbundnum hækkunum á launum. Þess má geta að á þennan lið eru færðir styrkir bæjarstjórnar til félagasamtaka þegar um er að ræða niðurgreiðslu á húsaleigu félagsheimilanna skv. reglum þar um.

Endurskoðun

Einungis er gert ráð fyrir vísitölubundinni hækkun á samningi Snæfellsbæjar við Deloitte um endurskoðun reikninga bæjarins.

Kosningar

Þegar áætlun ársins 2015 er ekki vitað til þess að neinar kosningar verði á árinu. Sveitarfélögin bera ekki kostnað af kosningum öðrum en sveitarstjórnarkosningum, þó þau sjái um umsýsluna, þar sem endurgreiðsla kemur frá ráðuneytinu vegna þeirra.

Undir þessum lið eru því eingöngu færð árleg framlög Snæfellsbæjar til stjórnmalaflokka. Í lögum nr. 162/2006 um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldur þeirra, er kveðið á um að sveitarfélögum sem hafa fleiri en 500 íbúa sé skylt að veita stjórnmalasamtökum, sem fá a.m.k. einn fulltrúa í sveitarstjórn eða 5% atkvæða í síðustu kosningum, fjárfamlög til starfsemi sinnar, en sveitarstjórnir taka sjálfar ákvörðun um hversu há sú upphæð er. Í Snæfellsbæ hefur verið samþykkt framlag samtals kr. 100.000.- á ári sem skiptist hlutfallslega á milli þeirra flokka sem buðu fram. Á árinu 2015 skiptist þessi upphæð á milli allra fjögurra framboðanna sem buðu fram í kosningunum 2014 þar sem þau fengu öll yfir 5% atkvæða.

Bæjarskrifstofan

Einungis er gert ráð fyrir kjarasamningsbundnum launahækkunum á bæjarskrifstofunni og vísitölubundnum hækkunum á samningum, t.d. vegna kerfisfræðipjónustu.

Innheimtukostnaður

Þarna er færð þóknun til ríkisins vegna innheimtu á útsvari, lögfræðikostnaður og afskriftir á viðskiptakröfum. Innheimtur hafa gengið mjög vel undanfarin ár, og skv. innheimtufyrirtæki Snæfellsbæjar, Motus, eru yfir 91% þeirra sem eru í viðskiptum við Snæfellsbæ í skilum með

Greinargerð með fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar

sín gjöld. Það þykir mjög gott á landsvísu. Það er því ekki gert ráð fyrir miklum afskriftum á árinu 2015.

Móttaka gesta og annar kostnaður

Einhver kostnaður fellur til á hverju ári vegna móttöku gesta, hópa sem koma á vegum ráðuneyta og opinberra stofnanna. Einnig hefur Snæfellsbær gefið gjafir til nemenda Grunnskóla Snæfellsbæjar og Fjölbrautarskóla Snæfellinga við útskrift á hverju ári. Á þennan lið er einnig færður kostnaður vegna heimasíðu Snæfellsbæjar og vegna vinabæjarheimsókna til og frá Vestmanna í Færeyjum.

Starfsmannakostnaður

Hér er fært framlag Snæfellsbæjar til kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, en kjarasviðið sér um kjarasamninga og viðræður við stéttarfélög í umboði sveitarfélaganna á Íslandi.

Ýmis framlög

Hér eru færð sammingsbundin framlög Snæfellsbæjar til Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, Landssamtaka landeigenda, Framkvæmdaráðs Snæfellsness og Héraðsnefndar Snæfellinga.

Breyting lífeyrisskuldbindinga

Framlag vegna lífeyrisskuldbindingar er sambærilegt milli ára. Áætlun ársins 2014 var kr. 24.275.000.- og gert er ráð fyrir kr. 24.300.000.- á árinu 2015. Árleg hækkun lífeyrisskuldbindingar er tryggingafræðilegur útreikningur byggður á fyrirframgefnum forsendum s.s. lífslíkum, launahækkunum og áunnum réttindum.

Óvenjulegir liðir

Hér er færð lögbundin millifærsla á innri leigu eigna sem ekki eru í notkun, en jafnframt er þarna gert ráð fyrir 40 milljónum í „ófyrriséd“, en það er pottur sem bæjarstjórn hefur úr að móða þegar koma upp óvænt útgjöld og bæjarstjórn þarf að samþykkja aukafjárveitingar. Aldrei er hægt að sjá fyrir allt það sem upp á kemur í rekstri bæjarfélags.

Aðrir A-hluta sjóðir

Eignasjóður

Sú meginregla gildir að fasteignir sveitarfélags eru færðar í sjálfstæða rekstrareiningu innan A-hluta sveitarfélagsins og er þessum eignasjóði ætlað að sjá um rekstur, nýbyggingar, kaup eða sölu eigna í umboði sveitarstjórnar. Eignasjóður leigir síðan út fasteignir til rekstrareininga sveitarfélagsins samkvæmt þörfum viðkomandi rekstrareininga og innheimtir svokallaða innri leigu í samræmi við raunverulegan kostnað sem viðkomandi fjárfesting ber með sér. Markmiðið með eignasjóðum er að gera rekstrarkostnað fasteigna sýnilegri og að sérhver rekstrareining beri þann raunkostnað sem henni ber.

Eignasjóður	Staða 13/11 2014	Áætlun 2014	Áætlun 2015
Ennisbraut 13 - grunnskóli	-4.371.546	-4.525.000	-3.740.000
Keflavíkurgata 2 - grunnskóli	-3.076.185	-2.380.000	-2.060.000
Lýsuhóll - grunnskóli	-2.610.469	-2.675.000	-2.580.000
Hjarðartún 4-6 tónlistarsk./bókasaf	-4.843.170	-4.960.000	-5.120.000
Brúarholt 9 - Krílakot, leikskóli	-5.217.734	-5.815.000	-5.765.000
Naustabúð 17- Krúból, leikskóli	-7.650.725	-7.920.000	-7.620.000
Annað skólahúsnæði	446.937	555.000	540.000
Engihlíð 1 - íþróttahöll	-14.964.034	-16.725.000	-16.310.000
Klettsbúð - íþróttahús HSD	-1.189.205	-1.510.000	-1.515.000
Ennisbraut 11 - sundlaug	6.094.345	12.760.000	1.960.000
Sparkvellir og annað íþr.húsnæði	-1.700.652	-2.430.000	-2.290.000
Ólafsbraut 6 - slökkvistöð	-576.888	-1.025.000	-975.000
Naustabúð 7 - geymsla minjasafns	407.502	685.000	520.000
Ólafsbraut 12 - Pakkhúsið	-1.339.180	-1.375.000	-1.340.000
Kirkjutún 2 - Átthagastofa	7.688.972	9.170.000	11.725.000
Líkn - björgunarhús	666.608	1.060.000	890.000
Ólafsbraut 4 - Mettubúð	237.127	30.000	610.000
Annað þjónustuhúsnæði	-1.215.852	-1.350.000	-1.350.000
Klettsbúð 4 - Ráðhús	-142.682	325.000	435.000
Tjaldsvæði - Ólafsvík/Hellissandur	1.474.202	7.190.000	290.000
Snoppuvegur 4	745.537	435.000	1.000.000
Kirkjutún 2 (efri hæð)	60.152	40.000	40.000
Engihlíð 20, 1hh - 0102	-448.176	-420.000	-400.000
Selhóll	251.468	385.000	0
Snæfellsás 3a	-145.031	-170.000	-165.000
Ýmsar húseignir	258.704	395.000	310.000
Keyptar eignir v/skipulagsbreyting	850.000	300.000	300.000
Lýsuhóll - félagsheimili/sundlaug	-4.576.041	4.730.000	-4.665.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	13.937.619	15.625.000	17.000.000
Aðrar eignir	9.241.070	17.845.000	10.930.000
Gatnagerð	-11.989.523	500.000	1.250.000
Tölvur og önnur stærri tæki	7.399.868	7.700.000	7.200.000
Bifreiðar og vélar	140.078	480.000	480.000
Fjármunatekjur	-6.779.917	-7.600.000	-7.000.000
Fjármagnsgjöld	28.174.873	61.500.000	45.000.000
Samtals	5.238.052	80.830.000	37.585.000

Greinargerð með fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar

Í stórum dráttum er áætlun ársins 2015 sambærileg við áætlun ársins 2014. Einungis er gert ráð fyrir minniháttar hækkunum á föstum liðum, eins og fasteignagjöldum og tryggingum.

Tekjur eignasjóðs eru í formi innri leigu frá aðalsjóði. Tekjur eignasjóðs eiga að standa undir rekstrarkostnaði þeirra, þar með töldum afskriftum, fjármagnskostnaði og yfirstjórn. Þó fjárhagsáætlun einstakra eigna kom út með hagnaði (mínus), er það heildarstaða eignasjóðs sem gildir, þegar búið er að taka tillit til allra kostnaðarpátta. Þegar búið er að taka tillit til allra þátta er gert ráð fyrir að eignasjóður skili tapi upp á ríflega 52 milljónir króna, eða ríflega 40 milljónir ef kostnaður vegna Átthagastofu er dreginn frá.

Einungis tvær almennar leiguíbúðir tilheyra A-sjóði, það er ein íbúð í blokkinni við Engihlíð 20 í Ólafsvík og íbúð í parhúsinu við Snæfellsás 3 á Hellissandi. Aðrar íbúðir tilheyra húsnaðisnefnd.

Eignasjóði fylgir dálíttill launakostnaður, annars vegar vegna Átthagastofu og hins vegar vegna umsjónarmanns fasteigna. Launakostnaður Átthagastofu hefur verið stærstur hluti af styrk Snæfellsbæjar til starfseminnar, en hún hefur tekið að sér verkefni fyrir Snæfellsbæ, t.a.m. markaðssetningu og stefnu í markaðsmálum, umsjón með Pakkhúsi, móttöku og kynningu fyrir gesti, o.m.fl. Stefnt er að því að á árinu 2015 verði gengið frá formlegum samningi milli sveitarfélagsins og Átthagastofunnar.

Umsjónarmaður fasteigna sér um viðhald á eignum Snæfellsbæjar. Hann sér sjálfur um minniháttar viðhald, en kallar til iðnaðarmenn í samráði við tæknideild, þegar um meiriháttar viðhald er að ræða.

Þjónustumiðstöð / Áhaldahús

Sú meginregla gildir að áhaldahús og vélamiðstöð skal reka sem sjálfstæðar rekstrareiningar undir A-hluta sveitarfélagsins. Innri þjónustureikningar eru síðan gerðir vegna þjónustu og vinnu sem innt er af hendi fyrir aðrar rekstrareiningar sveitarfélagsins.

Samkvæmt samkeppnislögum er mælt til þess að sú þjónusta áhaldahúsa sveitarfélaga sem seld er í samkeppni við einkaaðila sé ekki undirverðlögð og því er sú kvöð sett á sveitarfélögin að vinna áhaldahúsanna sé verðlögð með þeim kostnaði sem henni fylgir, bæði breytilegum og föstum ásamt hlutdeild í sameiginlegum kostnaði. Jafnframt skal leggja á vinnuna virðisaukaskatt.

Áhaldahús Snæfellsbæjar selur stofnununum (öðrum rekstrareiningum) Snæfellsbæjar vinnu sína og tekur fyrir það gjald skv. lögum og reglum. Í undantekningartilvikum er vinna áhaldahúss seld þriðja aðila og þess er gætt að verðlagning á vinnu áhaldahúss sé ekki undirverðlögð m.v. aðra iðnaðarmenn á svæðinu.

Kostnaður við áhaldahús/vélamiðstöð skiptist þannig:

Þjónustumiðstöð	Staða 13/11 2014	Áætlun 2014	Áætlun 2015
Framlag Snæfellsbæjar	-28.982.496	-23.600.000	-29.500.000
Áhaldahús Snæfellsbæjar	21.808.168	19.790.000	22.505.000
Traktor Pd-499	63.410	85.000	90.000
Loftpressa, þjappa, sláttuvélar	314.427	215.000	310.000
Kerrur	46.206	100.000	110.000
Bifreið OK-885 (Nissan Patrol)	945.175	0	1.275.000
Bifreið JA-873 (Iveco)	924.607	1.340.000	1.235.000
Bifreið UV-289 (VW Transport)	518.488	1.085.000	785.000
Bifreið PZ-481 (Skoda Station)	174.659	340.000	320.000
Bifreið NB-752 (Mitsubishi L20)	967.841	1.225.000	950.000
Bifreið DE-502 (Kia Sportage)	322.495	470.000	500.000
Vöru- og efniskaup/sala	-577.520	-250.000	-250.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.375.000	1.500.000	2.100.000
Samtals	-2.099.540	2.300.000	430.000

Ekki er gert ráð fyrir neinum verulegum breytingum á rekstri eða kostnaði við áhaldahús/vélamiðstöð á árinu 2015.

B-hluta sjóðir

Í 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, er að finna þau ákvæði að starfsemi sveitarfélaga skuli skipt í tvo flokka. Annars vegar er um að ræða sveitarsjóð, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins, auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem er að hluta eða öllu leyti fjármögnuð af skatttekjum sveitarfélagsins (A-hluta stofnanir). Hins vegar er um að ræða fyrirtæki sveitarfélagsins og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar (B-hluta stofnanir).

Meginreglan er sú, að í B-hluta flokkist þær rekstrareiningar (stofnanir) sem reknar eru sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar og hafa lagaheimild til að innheimta þjónustugjöld til þess að standa að fullu undir útgjöldum sínum.

Félagsheimilið Röst

Félagsheimilið Röst hefur verið leigt einkaaðila undanfarið ár, og var gerður samningur við Stóru Viðvík til þriggja ára. Bæjarstjórn tók ákvörðun um að leigja reksturinn út, m.a. til gera tilraun til að fá meiri starfsemi í húsið, og til að lækka rekstrarkostnað. Hefur hvoru tveggja gengið eftir, en töluverður kostnaður fylgir því að reka samkomuhús án þess að tekjur komi inn að einhverju ráði.

Gert er ráð fyrir lágmarkskostnaði við húsið í formi trygginga, fasteignagjalda, hita og rafmagns.

Félagsheimilið Klif

Snæfellsbær sér um rekstur félagsheimilisins Klifs, en húsvörður er með vínveitingaleyfið á húsinu og sér um allan veitingarekstur. Starfsemi hússins mætti vera meiri, og stefnt er að því á árinu 2015 að rekstrarnefnd hússins fari í samvinnu við menningarnefnd og Áttthagastofu í markaðssetningu. Húsið er dýrt í rekstri, en helstu tekjur þess eru í formi húsaleigu frá einkaaðilum. Gert er ráð fyrir að fara í eitthvað viðhald á húsinu á árinu 2015.

Gjaldskrá Klifs var hækkuð um 3,4% frá árinu 2014:

Gjaldskrá Klifs	2015
Dansleikir - án STEF gjalda	117.800
Veislur - mism. eftir sal	15.525 - 67.275
Fundir - mism. eftir sal	10.350 - 25.875
Þrif á hliðarsölum	20.000
Þrif á stóra salnum	35.000
Hljóðmaður/ljósamaður pr. skipti	5.175
Óendurkræft staðfestingargjald er rukkað	
að upphæð kr. 15.000.-	

Húsið ber ábyrgð á að skila STEF gjöldum og rukkar þau inn með húsaleigu. Hægt er að sjá gjaldskrá STEF eins og hún er hverju sinni á heimasíður STEF.

Hafnarsjóður

Samkvæmt lögum eru hafnir í eigu sveitarfélaga. Hafnarsjóður Snæfellsbæjar er rekin sem sérstök og sjálfbær rekstrareining á eigin kennitölu. Yfirmaður hans er hafnarstjóri.

Hafnarsjóður	Staða 30/11 2014	Áætlun 2014	Áætlun 2015
Hafnargjöld Ólafsvík	-40.477.561	-42.763.000	-41.416.000
Þjónustugjöld Ólafsvík	-19.958.032	-20.908.000	-21.664.000
Hafnargjöld Rífi	-57.633.278	-56.369.000	-59.590.000
Þjónustugjöld Rífi	-16.180.391	-19.246.000	-16.797.000
Hafnargjöld Arnarstapa	-13.584.973	-8.433.000	-10.384.000
Þjónustugjöld Arnarstapa	-3.841.696	-3.323.000	-3.780.000
Leigutekjur og arður	-1.529.585	-584.000	-644.000
Hafnarmannvirki Ólafsvík	25.964.605	35.582.000	34.663.000
Hafnarmannvirki Rífi	26.288.760	36.680.000	38.658.000
Hafnarmannvirki Arnarstapa	8.743.058	9.810.000	11.996.000
Hafnarhús Ólafsvík	-153.402	985.000	-61.000
Hafnarhús Rífi	1.188.033	829.000	1.006.000
Hafnarhús Arnarstapa	-56.359	390.000	282.000
Rafmagn til endursölu	8.614.826	11.701.000	10.446.000
Bifreið JO-N57	580.230	990.000	886.000
Bifreið YT-638	6.062.606	1.912.000	1.639.000
Verkstæði Rífi	55.695	197.000	203.000
Mengunarvarmargámur	-78.340	187.000	231.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	12.836.160	11.716.000	13.109.000
Innheimtukostnaður	193.222	492.000	392.000
Þátttaka í sameiginlegun kostnaði	1.900.000	2.280.000	2.400.000
Fjármunatekjur	-235.928	-1.424.000	-1.443.000
Fjármagnsgjöld	104.107	2.461.000	270.000
Fjármagnstekjuskattur	0	285.000	289.000
Samtals	-61.198.243	-36.553.000	-39.309.000

Fjárfestingar hafnarsjóðs á árinu 2015 eru áætlaðar um 87 milljónir. Gert er ráð fyrir framkvæmdum við Ólafsvíkurhöfn upp á 55 milljónir og þar hæst stækkun og endurbætur á hafnarhúsinu, nýr löndunarkrani, flotbyggjur o.fl. Einnig er gert ráð fyrir 17 milljónum í dýpkun í Arnarstapahöfn og 14 milljónum í ýmis verkefni við Rifshöfn, þ.á.m. löndunarkrana.

Veitustofnanir

Samkvæmt lögum um vatnsveitur sveitarfélaga skulu sveitarfélög starfrækja vatnsveitu í þéttbýli í þeim tilgangi að fullnægja vatnspörf almennings, heimila og atvinnufyrirtækja, þar á meðal hafna, eftir því sem kostur er.

Eigendur vatnsveita, þ.e. sveitarfélög, hafa heimild til að innheimta vatnsgjald af öllum fasteignum sem vatns geta notið og má gjaldið nema allt að 0,5 hundraðshlutum af fasteignamati, og er jafnframt heimilt að innheimta vatnsgjaldið með fasteignaskatti.

Snæfellsbær nýtir sér þá heimild að innheimta vatnsgjaldið með fasteignaskatti, en hefur ekki fullnýtt leyfilega hámarksálagningarprósentu. Á árinu 2015 verður engin breyting á því, og mun álagningarprósenta vatnsskatts í Snæfellsbæ áfram vera 0,33% af fasteignamati íbúðarhúsa og 0,45% af fasteignamati annars húsnæðis.

Þar sem vatn frá vatnsveitu er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisþarfa er vatnsveitu heimilt að innheimta sérstakt notkunargjald er miðast við notkun mælda í rúmmetrum. Vatnsveitan leggur fyrirtækjum í té löggilta vatnsmæla og innheimtir þennan aukavatnsskatt ársfjórðungslega, og er greitt fyrir notkun eftir álestur á vatnsmælana.

Aukavatnsgjald ársins 2015 verður kr. 24.- pr. rúmeter og hækkar það um 5% frá árinu 2014.

Sveitarfélög bera ábyrgða á uppbyggingu fráveitna í sveitarfélaginu og fer með rekstur þeirra. Hafa þau jafnframt heimild til að innheimta fráveitugjald af öllum fasteignum sem eru tengdar fráveitunni. Fráveitugjald má innheimta með fasteignaskatti og fylgir því lögveðsréttur í fasteign þeirri sem lagt er á.

Á árinu 2015 verður engin breyting á álagningarprósentu holræsa/fráveitugjalda í Snæfellsbæ. Álagningarprósentan verður áfram 0,16% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis og 0,20% af fasteignamati annars húsnæðis.

Veitustofnanir Snæfellsbæjar	Staða 30/11 2014	Áætlun 2014	Áætlun 2015
Vatnsskattur	-53.488.880	-59.800.000	-61.500.000
Fráveitugjald	-21.025.318	-23.900.000	-23.900.000
Vatnsveitan	21.752.117	13.270.000	14.815.000
Fráveitan	8.616.272	13.360.000	13.655.000
Bifreið TX-802 (Mitsubishi L200)	679.290	875.000	1.030.000
Þátttaka í sameiginlegum kostnaði	6.800.000	7.450.000	8.000.000
Fjármagnsgjöld	9.825.246	17.200.000	10.400.000
Samtals	-26.841.273	-31.545.000	-37.500.000

Á árinu 2014 voru miklar framkvæmdir við vatnsveituna í Ólafsvík og er enn gert ráð fyrir framkvæmdum á árinu 2015.

Dvalar- og hjúkrunarheimilið Jaðar

Dvalarheimilið Jaðar í Ólafsvík var byggt og tekið í notkun árið 1986 og í ágúst 2010 var tekin í notkun viðbygging, hjúkrunarálma, og með henni var stórbætt öll aðstaða heimilisfólks og starfsfólks. Hjúkrunarálman var með 12 hjúkrunarrýmum og loksins, í lok árs 2014, fékkst heimild frá ríkinu til að nýta öll hjúkrunarrými sem slík.

Tekjur dvalar- og hjúkrunarheimila eru að langstærstum hluta daggjöld úr ríkissjóði, þ.e. föst fjárhæð á hvert dvalar- og hjúkrunarrými. Daggjöldum er ætlað að mæta eðlilegum rekstrarkostnaði dvalar- og hjúkrunarheimila og þeirri þjónustu sem heimilismönnum er látin í té á stofnuninni. Að auki skal Tryggingastofnun ríkisins greiða ákveðið húsnæðisgjald til að mæta kostnaði vegna fasteignagjalda, trygginga, viðhalds, eftirlits og umsýslu húsnæðis sem nýtt er til reksturs hjúkrunarrýma.

Þrátt fyrir framlög frá ríkinu þá hafa þau undanfarin ár ekki staðið undir kostnaði við dvalar- og hjúkrunarheimilið Jaðar og hefur Snæfellsbær þurft að leggja til framlag til að láta enda ná saman. Gert er ráð fyrir að Snæfellsbær leggi tæpar 11 milljónir með rekstri Jaðars á árinu 2015.

Dvalar- og hjúkr.heim. Jaðar	Staða 1/12 2014	Áætlun 2014	Áætlun 2015
Daggjöld	-105.809.819	-119.600.000	-133.500.000
Rekstur Jaðars	109.030.418	115.241.000	133.535.000
Þátttaka í sameiginlegum kostnaði	1.925.000	2.100.000	2.400.000
Fjármagnsgjöld	7.631.745	8.500.000	8.500.000
Samtals	12.777.344	6.241.000	10.935.000

Íbúðir 60 ára og eldri

Fjórar íbúðir fyrir 60 ára og eldri voru byggðar við Engihlíð í Ólafsvík á árinu 2006. Þær eru leigðar með búseturétti. Íbúðirnar eru mjög þægilegar að öllu leyti og vel staðsettar.

Ein af íbúðunum hefur staðið auð það sem af er árinu 2014.

Íbúðir 60 ára og eldri	Staða 1/12 2014	Áætlun 2014	Áætlun 2015
Engihlíð 16c	822.813	-1.215.000	-1.155.000
Engihlíð 16d	-1.408.581	-1.240.000	-1.290.000
Engihlíð 16e	-884.333	-710.000	-740.000
Engihlíð 16f	-1.383.903	-1.260.000	-1.320.000
Þátttaka í sameiginlegum kostnaði	562.500	600.000	750.000
Fjármagnsgjöld	4.911.687	8.850.000	8.350.000
Samtals	2.620.183	5.025.000	4.595.000

Upphæð húsaleigu, og þ.a.l. áætlaðar leigutekjur, fara eftir því hversu hár búseturétturinn er.

Húsnæðisnefnd

Samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga skulu sveitarstjórnir, eftir því sem kostur er, tryggja framboð af leiguhúsnæði til einstaklinga og fjölskyldna sem ekki hafa tök á öðrum úrræðum vegna lágra tekna, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna.

Snæfellsbær á allnokkrar íbúðir sem flokkast undir félagslegar íbúðir. Þær eru allar í útleigu og undanfarin ár hefur mjög lítil hreyfing verið á leigjendum hjá sveitarfélaginu.

Húsnæðisnefnd	Staða 30/11 2014	Áætlun 2014	Áætlun 2015
Engihlíð 18, 1hv	-407.071	-341.000	-406.000
Engihlíð 18, 1hh (Bangsakot)	-308.684	-246.000	69.000
Engihlíð 18, 2hv	-333.264	-311.000	-296.000
Engihlíð 18, 2hh	-294.795	-211.000	-226.000
Engihlíð 18, 3hv	-420.722	-456.000	-431.000
Engihlíð 18, 3hh	-442.250	-411.000	-431.000
Engihlíð 18, sameign	310.137	340.000	350.000
Engihlíð 20, 2hv	-415.283	-451.000	-511.000
Engihlíð 20, 2hm	-268.490	-381.000	-386.000
Engihlíð 20, 2hh	-524.886	-481.000	-516.000
Engihlíð 20, 3hv	-401.746	-361.000	-381.000
Engihlíð 20, 3hh	-439.433	-396.000	-426.000
Engihlíð 20, sameign	116.119	730.000	730.000
Engihlíð 22, 1hv	-352.848	-291.000	-306.000
Engihlíð 22, 1hh	-525.747	-476.000	-511.000
Engihlíð 22, 2hv	-575.603	-501.000	-531.000
Engihlíð 22, 2hm	-500.669	-391.000	-456.000
Engihlíð 22, 2hh	-502.087	-451.000	-486.000
Engihlíð 22, 3hv	-616.761	-566.000	-606.000
Engihlíð 22, 3hh	-636.366	-556.000	-596.000
Engihlíð 22, sameign	132.994	215.000	225.000
Vallholt 19, 1hv	-454.477	-411.000	-446.000
Vallholt 19, 1hh	-466.662	-391.000	-431.000
Vallholt 19, 2hv	-496.519	-471.000	-501.000
Vallholt 19, 2hh	228.890	-461.000	-436.000
Vallholt 19, sameign	140.179	180.000	180.000
Engihlíð 16a	195.366	480.000	455.000
Bárðarás 1	-589.279	-515.000	-540.000
Keflavíkurgata 10	-538.521	-460.000	-470.000
Keflavíkurgata 12	4.022.273	-335.000	-350.000
Snæfellsás 1	242.245	0	1.035.000
Bárðarás 2	-220.143	0	-100.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.800.000	1.950.000	2.250.000
Fjármagnsgjöld	8.717.860	16.100.000	14.800.000
Samtals	5.173.757	9.673.000	9.318.000